

sýslumaður hefur tilkynnt hreppsnefndunum, að hann telji rjett að greiða hreppstjórum 58 fyrirfram kostnað þeirra við flutning þurfamanna af sveitarsjóði, ef þeir krefjast þess, 23. apríl gegn því að hlutaðeigandi sveitarsjóður fái framlag sitt endurgoldið að því leyti, sem það fer fram úr þeirri upphæð, er hreppnum ber að greiða af flutningskostnaði sýslunnar samkvæmt úrskurðum og niðurfjöfnun sýslumannsins, og beri þá hreppstjóra að endurborga þá niðurfærslu á flutningskostnaðarreikningi hans, er sýslumaður kynni að úrskurða.

Hreppsnefndin í Torfalækjarhreppi hefur samt sem áður í brjefi til sýslumannsins dags. 13. desbr. 1889 neitað því, að greiða kostnað af þurfamannaflutningi fyrr en allir fátækraflutningsreikningar fyrir árið sjeu úrskurðaðir af sýslumanni, og kostnaðinum jafnað niður á hreppana; hafa bæði sýslumaðurinn og hreppsnefndin borið þennan ágreining upp fyrir yður, en þjer með ofanefndu brjefi yðar beiðst úrlausnar minnar á honum.

Eptir því sem orð liggja til í opnu brjefi 17. apríl 1868, 1. gr. virðist þar vera gjört ráð fyrir því, að sá hluti, sem kemur á hvern hrepp af fátækraflutningsgjaldi sje eigi borgaður úr fátækra sjóði hans fyr en eptir að reikningarnir eru úrskurðaðir og kostnaði niður jafnað, og er það álit mitt, að hreppsnefndum verði ekki gjört að skyldu að borga út reikninga hreppstjórána, áður en þeir eru úrskurðaðir af hlutaðeigandi yfirvaldi, þannig að hreppssjóður eigi endurgjaldskröfu á hendur hreppstjóranum, ef reikningarnir skyldu reynast rangir eða of háir. En á hinn bóginn getur verið tilfinnanlegt fyrir fátæka hreppstjóra að bíða mánuðum saman og jafnvel árum saman — ef óþarfur og ótilhlýðilegur dráttur verður á niðurfjöfnuninni, sem stundum kvað eiga sjer stað — eptir borgun fyrir þurfamannaflutning, sem eigi allsjaldan hefur í för með sjer bein útgjöld fyrir þá, enda hefur það ekki verið tilgangur opins brjefs 17. apríl 1868, að leggja þeim slíka byrði á herðar, því eptir því fyrirkomulagi, sem þá var á stjórn fátækramálefna, þurfti ekki til þess að koma, að hreppstjórar legðu slík útgjöld fram frá sjálfum sjer, heldur var þeim heimilt að greiða þau úr fátækra sjóði. Þar sem það nú lögum samkvæmt stendur sveitarsjóðunum næst að bera kostnað og útgjöld við sveitarómaga yfir höfuð, bæði endanlegan og einnig til bráðabirgða þegar þess þarf, þá verð jeg að vera yður samdóma um, að ekkert sje því til fyrirstöðu að sveitarsjóðunum sje gjört að skyldu, að greiða hreppstjórum *úrskurðaða* upphæð flutningsreikninga þeirra, jafnvel þótt sýslumaður hafi eigi lokið niðurfjöfnun á hreppana, móti því að sýslumaður sjái um, að sveitarsjóðurinn fái endurgoldið það, sem hann þannig kann að hafa greitt fram yfir þann hluta, sem kemur á hann við niðurfjöfnunina á alla hreppana, og verður þá hver sá hreppstjóri, sem þannig vill fá kostnað sinn fyrirfram greiddan, fyrst að snúa sjer til sýslumanns, og fá úrskurð hans ritaðan á reikninginn.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Kirkjureikningar

úr norður- og austuramtinu fardagaárið 1888–89.

I. Möðruvallaklausturskirkja.

Tekjur:

Kr. a.

1. Fasteignartíund af 607,8 hndr. = 182,34 ál.	á 44 a.	80,23
2. Lausafjártíund af 329 hndr. = 98,70 ál.	á 45½ e.	44,91
		<u>Flyt 125,15</u>